

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Lilja D. Alfreðsdóttir ráðherra
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2021

Efni: Ríkisstyrkir til sumarnáms og áhrif á samkeppni á fræðslumarkaði

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til fréttar á vef ráðuneytisins 9. apríl sl., þar sem greint er frá áformum stjórnvalda um sumarnám og sumarstörf fyrir námsmenn, aðgerðir sem gripið er til vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar.

Í fréttinni segir: „Stjórnvöld hyggjast veita alls 650 milljónum kr. til að tryggja framboð á sumarnámi í sumar; 500 milljónir kr. renna til í háskóla og 150 milljónir kr. til framhaldsskóla. Sumarnámið árið 2020 nýttist mörgum vel og spornaði við atvinnuleysi. Fjölbreyttar námsleiðir voru í boði og sóttu rúmlega 650 nemendur námskeið á vegum 10 framhaldsskóla og tæplega 5000 nemendur um 260 námskeið á vegum háskólanna.“ Boðað er að nánara fyrirkomulag og framboð sumarnáms 2021 verði kynnt á næstu dögum.

FA vísar jafnframt til erindis síns til ráðuneytisins 24. júní 2020, en þar var athygli ráðuneytisins vakin á ólögumætri og samkeppnishamlandi niðurgreiðslu á sumarnámi háskóla síðastliðið sumar. Það ár voru 500 milljónir króna samtals lagðar til sumarnáms. Ráðuneytinu var bent á að stórum hluta fjárveitingarinnar virtist varið til endur- og símenntunardeilda háskólanna, sem væru í beinni og harðri samkeppni við einkafyrirtæki á fræðslumarkaði. Jafnframt hefði skoðun FA leitt í ljós að námskeiðin væru mörg hver alls ekki bundin við nemendur háskólanna eða atvinnuleitendur, heldur öllum opin og mörg hver alls ekki ætluð háskólamenntuðum fremur en öðrum.

Fjárveitingin frá ríkinu var notuð til að niðurgreiða um tugi prósent námskeið, sem haldin voru í beinni samkeppni við námskeiðsframboð félagsmanna FA. Þannig voru námskeið, sem alla jafna kosta tugi þúsunda, boðin á 3.000 krónur. Við þetta niðurgreidda verð gátu einkarekin fræðslufyrirtæki engan veginn keppt og voru ýmis námskeið hjá fyrirtækjunum felld niður af þessum sökum, með tilheyrandi tekjutapi. Segja má að fyrirtækin hafi orðið fyrir tvöföldu áfalli í faraldrinum; annars vegar urðu þau af tekjum og urðu að leggja í kostnað við endurskipulagningu á starfsemi sinni vegna samkomutakmarkana, hins vegar urðu þau að takast á við aukna samkeppni frá endurmenntunardeildum háskólanna, sem niðurgreidd var af ríkinu.

Ráðuneytinu var ennfremur bent á að niðurgreiðsla á endurmenntunarnámskeiðum, sem haldin væru í samkeppni við einkarekin fræðslufyrirtæki, væri brot á 23. gr. a. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Jafnframt færi útfærsla styrkjanna gegn b-lið 1. mgr. 16. greinar samkeppnislaga. Þá væri sennilegt að útfærsla niðurgreiðslunnar færi í bága við 61. gr. EES-samningsins, en FA hafði fengið staðfest hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) að ekki hefði verið leitað álits stofnunarinnar á útfærslu ríkisstyrkjanna.

Í erindi FA var tekið fram að tilgangur ríkisstyrkjanna, að ýta undir sumarnám og auðvelda fólki atvinnuleit, væri góðra gjalda verður en útfærslan skekkti samkeppnisstöðu á fræðslumarkaði sem væri skökk fyrir vegna harðrar samkeppni endurmenntunardeilda ríkisstyrktra háskóla við einkaaðila. Ráðuneytinu var bent á að auðveldlega hefði mátt útfæra a.m.k. hluta stuðningsins með öðrum hætti, til dæmis á svipaðan máta og „ferðagjöf“ stjórnvalda með e.k. ávísanakerfi, þar sem áhugasamir gætu nýtt fjárstyrk frá ráðuneytinu ýmist hjá háskólum sem njóta ríkisstuðnings eða hjá einkareknum fræðslufyrirtækjum. Þannig hefði mátt ná markmiðum stuðningsins án neikvæðra áhrifa á samkeppni.

Í framhaldi af sendingu erindisins áttu FA og félagsmenn þess í jákvæðum samskiptum við ráðuneytið, þar sem kom fram vilji þess til að leitast við að rétta samkeppnisstöðu einkarekinna fræðslufyrirtækja. Það veldur FA því nokkrum vonbrigðum að áform um ríkisstyrkt sumarnám skuli kynnt á ný án þess að nokkurt samráð hafi verið haft við félagið eða félagsmenn þess í hópi fræðslufyrirtækja.

Þess má geta að á opnum streymisfundi FA 11. febrúar síðastliðinn, „Samkeppnin eftir heimsfaraldur“ var m.a. fjallað um áhrif ríkisstyrkja til sumarnáms á samkeppni á fræðslumarkaði. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, ræddi þar um mikilvægi þess að stjórnvöld mætu samkeppnisleg áhrif aðgerða, sem gripið væri til vegna kórónuveirufaraldursins, og útfærðu stuðninginn þannig að samkeppnislegur skaði væri lágmarkaður. „Sama aðferðafræði á að vera leiðarljós stjórnvalda þegar þau útfæra til dæmis fjárveitingar til námskeiðahalds ríkisrekinnna skóla,“ sagði forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Í þessu ljósi fer FA fram á svör ráðuneytisins við eftirfarandi spurningum:

1. Hefur ráðuneytið lagt mat á áhrif þess fyrirkomulags ríkisstyrkja til náms, sem viðhaft verður í sumar, á samkeppni á fræðslumarkaði?
2. Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið af hálfu ráðuneytisins til að gæta að samkeppnisstöðu einkarekinna fræðslufyrirtækja og tryggja að ríkisstyrkur til háskólanna rúmist innan ákvæða laga um opinbera háskóla, samkeppnislaga og EES-samningsins?
3. Hefur ráðuneytið tekið til skoðunar tillögu félagsins um ávísanakerfi, sambærilegt ferðagjöfinni, sem tryggi að hægt sé að velja á milli námskeiða hjá háskólum sem njóta ríkisframlaga og námskeiða einkarekinna fræðslufyrirtækja?
4. Hefur útfærsla fyrirhugaðra ríkisstyrkja verið borin undir Samkeppniseftirlitið eða Eftirlitsstofnun EFTA?

Ennfremur fer FA fram á það, með tilvísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, að ráðuneytið veiti félaginu sundurliðaðar upplýsingar um ráðstöfun ríkisstyrksins á síðasta ári, m.a. eftirfarandi:

- Hversu háar fjárhæðir runnu til endurmenntunarstofnana háskólanna?
- Hvernig skiptust niðurgreiðslurnar niður á einstök námskeið og námsleiðir?
- Hvernig skiptust niðurgreiðslurnar á nemendahópa, þ.e. nemendur skólanna, atvinnuleitendur og svo nemendur sem féllu undir hvorugan fyrrgreinda hópinn?

Óskað er eftir svörum ráðuneytisins hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Afrit: Samkeppniseftirlitið
Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)